

Nd.

16. Frumvarp til laga

[9. mál]

um breyting á lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Ólafur Thors.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
Nú verður biskup Íslands sjötíu ára að aldri, og skal hann þá, ef aðrar ástæður valda ekki, halda embætti sínu, þar til hann verður 75 ára, ef $\frac{3}{5}$ þeirra, sem atkvæðisrétt hafa við biskupskjör, bera fram ósk um það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til núverandi biskups Íslands.

Greinargerð.

Úrskurðað hefur verið, að biskup Íslands megi ekki vegna ákvæða 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og 1. gr. laga nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, sitja lengur í embætti en til sjötugs. Um þá túlkun skal ekki deilt, þó að hún brjóti í bága við það, sem gert var um hinn eina biskup, sem þar til nú hefur náð sjötugsaldri, eftir að lögín frá 1935 tóku gildi, en engin efnisbreyting hefur orðið að þessu leyti frá því, sem í þeim lögum var ákveðið.

Ef réttur skilningur laganna er sá, sem nú hefur verið úrskurðað, er rík ástæða til að breyta þessu lagaboði. Sít eru minni rök til, að maður haldi embætti biskups fram til 75 ára aldurs, en þeir, sem til starfs eru kosnir almennri kosningu, eins og sóknarprestar, ef kjósendur æskja þess. Prestastéttinni er fulltreystandi til þess að óska ekki eftir því, að maður verði áfram biskup, nema hann sé að öllu leyti fær um að gegna starfinu.

Í frv. er lagt til, að $\frac{3}{5}$ hlutar kjósenda biskups, þ. e. þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar sem og guðfræðikennarar háskólans, þurfi að bera fram ósk um, að biskup haldi embætti sínu. Er það hinn sami meiri hluti og áskilinn er til þess, að biskup sé í upphafi rétt kjörinn. Óráðlegt er af ríkisvaldinu að ganga gegn jafn-eindregnum óskum prestastéttarinnar. Hitt er sjálfsagt, að biskup verði að láta af embætti eins og aðrir, ef sérstakar ástæður, svo sem elliglöp, koma til. Um það haggar nýmæli frv. engu frá því, sem nú er.

Mestu máli skiptir, að maður, sem fullfær er til að gegna hinu vandasama og virðulega embætti biskups, sé ekki skyldaður til að láta af störfum, á meðan svo er. Munu þeir fáir, sem ekki viðurkenna sérstöðu biskupsembættisins einmitt að því, er aldurshámark varðar. En einnig má á það minna, að safnast þegar saman kemur í útgjöldum ríkisins, og ef stöðugt er haldið áfram að bæta við þau að óþörfu, verður ekki hjá því komizt, að hagginn verði hýsna þungur að lokum.

Nd.

16. Frumvarp til laga

[9. mál]

um breyting á lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Ólafur Thors.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Nú verður biskup Íslands sjötíu ára að aldri, og skal hann þá, ef aðrar ástæður valda ekki, halda embætti sínu, þar til hann verður 75 ára, ef $\frac{3}{5}$ þeirra, sem atkvæðisrétt hafa við biskupskjör, bera fram ósk um það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til núverandi biskups Íslands.

Greinargerð.

Úrskurðað hefur verið, að biskup Íslands megi ekki vegna ákvæða 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og 1. gr. laga nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, sitja lengur í embætti en til sjötugs. Um þá túlkun skal ekki deilt, þó að hún brjóti í bága við það, sem gert var um hinn eina biskup, sem þar til nú hefur náð sjötugsaldri, eftir að lögín frá 1935 tóku gildi, en engin efnisbreyting hefur orðið að þessu leyti frá því, sem í þeim lögum var ákveðið.

Ef réttur skilningur laganna er sá, sem nú hefur verið úrskurðað, er rík ástæða til að breyta þessu lagaboði. Sízt eru minni rök til, að maður haldi embætti biskups fram til 75 ára aldurs, en þeir, sem til starfs eru kosnir almennri kosningu, eins og sóknarprestar, ef kjósendur æskja þess. Prestastéttinni er fulltreystandi til þess að óska ekki eftir því, að maður verði áfram biskup, nema hann sé að öllu leyti fær um að gegna starfinu.

Í frv. er lagt til, að $\frac{3}{5}$ hlutar kjósenda biskups, þ. e. þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar sem og guðfræðikennarar háskólans, þurfi að bera fram ósk um, að biskup haldi embætti sínu. Er það hinn sami meiri hluti og áskilinn er til þess, að biskup sé í upphafi rétt kjörinn. Óráðlegt er af ríkisvaldinu að ganga gegn jafn-eindregnum óskum prestastéttarinnar. Hitt er sjálfsagt, að biskup verði að láta af embætti eins og aðrir, ef sérstakar ástæður, svo sem elliþöpp, koma til. Um það haggar nýmæli frv. engu frá því, sem nú er.

Mestu máli skiptir, að maður, sem fullfær er til að gegna hinu vandasama og virðulega embætti biskups, sé ekki skyldaður til að láta af störfum, á meðan svo er. Munu þeir fáir, sem ekki viðurkenna sérstöðu biskupsembættisins einmitt að því, er aldurshámark varðar. En einnig má á það minna, að safnast þegar saman kemur í útgjöldum ríkisins, og ef stöðugt er haldið áfram að bæta við þau að óþörfu, verður ekki hjá því komizt, að bagginn verði býsna þungur að lokum.